

Hvað fæ ég frá lífeyrissjóðnum mínum?

KL 06:00, 16. JANÚAR 2014 WWW.VISIR.IS

Ásta Rut Jónasdóttir, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna



ÁSTA RUT JÓNASDÓTTIR SKRIFAR:

Almenn skylda til að greiða iðgjöld í lífeyrissjóði er frá 16 ára til 70 ára aldurs samkvæmt lögum og kjarasamningum.

Hvað fáum við fyrir þessi iðgjöld?

Launþeginn greiðir 4% af launum sínum í sjóðinn og launagreiðandinn leggur til 8% í viðbót, alls 12%. Þetta er talsverð fjárhæð og yfir alla starfsævina hafa þessar mánaðarlegu greiðslur myndað sjóð sem stendur undir greiðslu ævilangs lífeyris.

Stundum heyrir sagð að við fáum „ekker“ út úr lífeyrissjóðunum. Hér vil ég skoða aðeins nánar hvað við fáum til baka fyrir iðgjaldið. Rétt er að hafa í huga, að margir sem komnir eru um eða yfir miðjan aldur, hafa ekki greitt iðgjald í lífeyrissjóð af öllum sínum tekjum, sem er skýring þess að þeir hafa ekki myndað full lífeyrisréttindi. Áður var ekki fortakslaus lagaskylda að greiða í lífeyrissjóð

eins og nú er.

Góð langtímaávöxtun

Lífeyrissjóðurinn tekur við iðgjöldum sjóðfélagans, geymir þau og ávaxtar eins vel og mögulegt er. Ávöxtun getur gengið misjafnlega frá ári til árs, en yfir lengri tíma hafa íslensku lífeyrissjóðirnir almennt náð góðri ávöxtun. Þannig var t.d. raunávöxtun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna yfir 20 ára tímabil, frá 1993 til og með 2012, að meðaltali 4,6% á ári. Það er talsvert umfram þau 3,5% sem miða þarf við samkvæmt lögum í útreikningum á tryggingarfræðilegri stöðu sjóðsins.

Hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna er ævilangur lífeyrir (ellilífeyrir) um tveir þriðju hlutar allra lífeyrisgreiðslna,

um þriðjungur eru örorku-, maka- og barnalífeyrir.

Nærri níu milljarðar

Samtals greiddi sjóðurinn rúmlega 7,7 milljarða króna í lífeyri árið 2012 og á síðasta ári er heildarfjárhæð þess lífeyris, sem Lífeyrissjóður verzlunarmanna greiddi út, um milljarði hærri en árið áður eða 8,7 milljarðar króna.

Hve háan ellilífeyri fæ ég þá? Fjárhæð lífeyris ræðst af greiddum iðgjöldum til sjóðsins og hve lengi hver sjóðfélagi hefur greitt til sjóðsins. Lífeyrir er verðtryggður og breytist mánaðarlega miðað við vísitölu neysluverðs.

Ævilangur lífeyrir

Vert er að minna sérstaklega á að ellilífeyrir er ævilangur lífeyrir, hann er greiddur út mánaðarlega alla ævina frá því taka lífeyris hefst, hversu gamall sem sjóðfélaginn verður.

Skodum þá fjárhæðina. Ef miðað er við að sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna hefji töku lífeyris 67 ára fær hann í lífeyri um 64% af þeim meðallaunum sem greitt var af yfir um 40 ára starfsævi. Þannig er áætlaður verðtryggður lífeyrir sjóðfélaga sem er með að jafnaði 400 þúsund króna mánaðarlaun yfir starfsævina 256 þúsund krónur á mánuði ævilangt.